

Reykjavík 17. mars 2000


Nefndasvið Alþingis
Helga Þórisdóttir, nefndarritari
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Vísað er til bréfs Menntamálanefndar Alþingis dags. 24. febrúar sl. varðandi frumvarp til laga um skylduskil safna 326. mál heildarlög.

Málinu var vísað til umsagnar Elínar S. Kristinsdóttur, deildarstjóra safnadeildar og Harðar Vilhjálmssonar, framkvæmdastjóra fjármáladeildar og fylgir umsögn þeirra hér með.

Fulltrúar Ríkisútvarpsins eru reiðubúnir að koma til fundar við nefndina sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Markús Örn Antonsson.

Reykjavík 17.03. 2000

Markús Örn Antonsson, útvarpsstjóri

Umsögn um frumvarp til laga um skylduskil til safna

Nýmæli:

1. Skila gögnum (útsendum dagskrám útvarps og sjónvarps) til Kvikmyndasafns Íslands.
2. Heildarvarðveisla á útvarps- og sjónvarpsefni í stað úrtaks. Grisjun aflögð.
3. Þjóðskjalasafn Íslands annast ekki frekara eftirlit með varðveislu. Svo virðist sem færa eigi alla ábyrgð á varðveislunni yfir á Kvikmyndasafn Íslands.

Benda má á að ekki hafa verið gerðar athugasemdir vegna samstarfs Ríkisútvarpsins og Þjóðskjalasafns Íslands varðandi geymslu og grisjun gagna sem hófst lögum samkvæmt á níunda áratugnum. Samstarf þetta hefur að mati Ríkisútvarpsins gengið eins og best verður á kosið.

Athugasemdir:

Ríkisútvarpið telur að sömu reglur eigi að gilda um það og aðra þá er afhenda eiga dagskrárefni sitt til heildarvarðveislu í Kvikmyndasafni Íslands Fjórða málsgrein 10. gr. frumvarpsins falli því niður. Með þeirri sérstöku skyldu, sem hér er lagt til að lögð verði á Safnadeild Ríkisútvarpsins, er í raun verið að skilgreina hana sem fimmta varðveislusafn landsins sbr. 2. gr. frv.

Kvikmyndasafn Íslands verður að tryggja örugga skráningu gagnanna þannig, að þau uppfylli skilgreiningu frv. um aðgengi sbr. 1 gr. og 16. gr. Óskráð gögn eru glatað efni.

Hörður Vilhjálmsson, framkvæmdstjóri fjármálasviðs

Hörður Vilhjálmsson

Elín S. Kristinsdóttir, safnastjóri

Elín S. Kristinsdóttir